

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 420/1992. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Jóni Magnúsi Harðarsyni**

(Ólafur Garðarsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Ákærði áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar, að því er varðar refsí-
ákvörðun og réttindasviptingu, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um
meðferð opinberra mála, og gaf ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu
11. nóvember 1992. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða
dóms, þó þannig, að svipting ökuréttinda verði tímamörkuð.

Í ákæru málsins er brot ákærða sagt framið 16. júní 1992, en
samkvæmt gögnum málsins var það framið 6. sama mánaðar. Í
hinum áfrýjaða dómi er ekki getið alkóhólmagns í blóði ákærða
greint sinn, en það mældist 0,77‰.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða þykir refsing hans hæfilega
ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði hlaut ökuleyfissviptingu í 6 mánuði vegna ölvunaraksturs
samkvæmt dómsátt 2. febrúar 1984. Á árinu 1988 gerðist hann
sekur um ítrekun slíks brots og gekkst undir dómsátt 30. september
það ár, þar sem honum var gert að sæta ökuleyfissviptingu í tvö ár.
Sú dómsátt hefur ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað
um, og telst vera um ítrekun öðru sinni að ræða í skilningi 2. mgr.
101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber því að staðfesta ákvæði hins
áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins
og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Magnús Harðarson, greiði áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-118/1992: Ákærvaldið gegn Jóni Magnúsi Harðarsyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 25. september 1992, á hendur ákærða, Jóni Magnúsi Harðarsyni, Njálsgötu 32 B, Reykjavík, kt. 150564-3529, „fyrir að hafa undir áhrifum áfengis þriðjudaginn 16. júní 1992 ekið bifreiðinni TR-597 austur Hverfisgötu í Reykjavík, en lögregla stöðvaði akstur hans á nefndri götu.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987“.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa gerst sekur um það athæfi, sem honum er gefin sök á í ákæru. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn þeim lagaákvæðum, sem þar greinir. Ákærða var refsað fyrir ölvun við akstur 1984 og aftur 1988. Brot ákærða nú er ítrekað öðru sinni. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin varðhald 30 daga. Þá ber samkvæmt 100. gr., sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, að svipta hann ökuréttindum ævilangt frá 16. júní 1992 að telja. Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Magnús Harðarson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júní 1992 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.